




Það má til sanns vegar færa, að jafnt fegurðarhugtakið sem siðgæðið tekur breytingum í tímans rás. Frá vinstri til hægri: Venus frá Willendorff, ca. 30.000 ár fyrir Krists burð. Frjósemisgyðjan Istar, súmersk þokkadís frá því um 2000 fyrir Krists burð. Venus Genetrix, frá 5. öld fyrir Krists burð. Fæðing Venusar, eftir Sandro Botticelli, frá því á 15. öld. Sextákn nútímans úr teiknimyndaseríu eftir Vargas og Barbarella, á 20. öld.

Bragi Ásgeirsson:

Sjónmenntavettvangur

Alla tíð frá því að sá, er hér ritar, hóf að rita listrýni fyrir réttum 19 árum, hefur hann annað slagið brugðið fyrir sig almennu spjalli í syrpuformi og nefnt myndlistarvettvang. Í samþjöppuðu máli hefur þar verið fjallað um ýmislegt er fréttnæmt taldist af innlendum sem erlendum myndlistarvettvangi. Nú hyggst ég fara aftur af stað með almennt spjall, en í öðru formi, og taka þá fyrir afmarkaðri svið hverju sinni.

Það er svo margt, sem fram þarf að koma af vettvangi myndlistarinnar, þar sem að þessari listgrein steðja nú mörg vandamál, sem þurfa umfjöllunar við. Það er af hinu dapurlega að verða að viðurkenna, að það fréttnæmasta af innlendum myndlistarvettvangi er lognmolla og skortur á opinni og einarðlegri umfjöllun um vandamál líðandi stundar. Engir iðkendur annarra listgreina eru eins þöglir og værukærir um sín mál á opinberum vettvangi og þó eru þeir margir vel pennafærir. En þetta á vísast sínar gildu ástæður, sem ég læt öðrum um að geta sér til.

Líkja má íslenzku myndlistarsviði við kafbátahernað, því að fátt eitt kemst á yfirborðið fyrr en það er afstaðið — mikilvægar ákvarðanir eru teknar á bak við tjöldin og farið leynt með, eins og engum komi þær við og varða þær margar þó hag allrar sameiginlegrar íslenzkrar myndlistar og veg hennar innan lands og utan.

Hér svífur sem sagt lognmollan yfir vötnum og kafbátahernaðurinn er svo algjör, að jafnvel sjónpípurnar gára ekki yfirborðið! Ákvarðanir eru sem sé teknar án þess að fjallað sé um þær opinberlega, hvað þá að upp rísi hresslegar deilur.

Margt óhreint þrífst í skjóli þessa, sem illkleift er að hamla á móti, — rangar og misvísandi upplýsingar eru gefnar um íslenzka myndlist á erlendum vettvangi, en engir mótmæla nema þá helst undirritaður í myndlistarpistlum sínum. Oft er þá sem myndlistarmennirnir sjálfir vilji ekki að um mál þeirra sé fjallað líkt og þeir séu angi einhverrar leynireglu.

Minnist ég þess, er ég ritaði um árið grein um „Hvíta bók um Kjarvalsstaðadeilurnar“ og félagsmál myndlistarmanna, og fékk bágt fyrir og illt umtal. Getur þó enginn, er læsi þessar greinar í dag, mótmælt því, að ég hafði ýmislegt til míns máls og hafi orðið um margt forspár um framtíðina. Í slíkri aðstöðu verður lastmælgin að gullhömrum og ekkert til að kippa sér upp við. — Listapólitík, eins og við nefnum þetta, og er einnig iðulega lituð flokkapólitík, er víðar leiðinleg á Norðurlöndum, en óhætt mun að fullyrða að hvergi er lognmollan jafn alger í opinberri umræðu sem hérlendis — einkum hvað snertir hagsmunabaráttu myndlistarmanna, en hér höfum við dregist mjög aftur úr öðrum listgreinum og það að miklum verðleikum fyrir andvaraleysi, sérhagsmunaáráttu og linkuhátt.

Deilur hafa sums staðar verið svo harðar og illskeyttar meðal frænda vorra, að það er lítt til fyrirmyndar nema fyrir það, hve miklu lengra þeir hafa náð í réttindabaráttu sinni. Ég nefni það hér, að hin þekkta listakona Inger Sitter, er lengi hefur staðið framarlega í norskri listapólitík, er flúin til Parísarborgar og sest þar að. Sagði upp prófessorstöðu við Listaháskólann í Osló, seldi hús og vinnustofu og hélt á brott, örþreytt og vonsvikin. Hressilegar og gagnlegar deilur hafa og blossað upp vegna reksturs ríkislistasafnsins í Osló. Harðar deilur hafa geisað í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um fjárveitingar og rekstur listasafna, — menningarpólitík almennt og vald listafélaga svo og skilgreiningu á hugtökunum klám og erótík í myndlist.

Í sumar sem leið voru hinir glæsilegu sýningarsalir Charlottenborg í Kaupmannahöfn lokaðir vegna heiftarlegra deilna framkvæmdavaldsins, og var það ærið verkefni menningarmálaráðherra Dana að sætta deiluaðilana og vakti mikla athygli. — En opinberar deilur eru þrátt fyrir allt af hinu góða og koma iðulega í veg fyrir framkvæmd margs konar ósvinnu er viðgengst í skjóli þagnarmúrsins og baktjaldamakksins. Vegur íslenzkrar myndlistar er rýr um þessar mundir — aðsókn hefur minnkað á listsýningar almennt, og sala listaverka er furðulegt og óskipulegt fyrirbæri. Sýningarsalir eiga i harðri baráttu fyrir tilvist sinni og myndlistarfræðsla í skólum er lítil og einstrengingsleg.

Á fáum árum hefur ásókn í skammvinna afþreyingu aukist óheyrilega, — glimmermenningin er í sókn á alla vegu og varanlegir hlutir hafa rýrnað í verði, um leið og forgengilegt dót hækkar úr öllu valdi.

Um leið og sjóðir annarra listgreina auka við sig og margfaldast, rýrnar framlag til myndlistarmanna, og þeir eru jafnvel sviknir um framlag úr listskreytingasjóði, sem þó telst ekki mikill að vöxtum.

Þetta og margt fleira eru hvati þess að hefja þessi skrif mín og ég nefni þau „Sjónmenntavettvang“ til þess að geta fjallað um víðara svið en einungis myndlist, sem þó verður fyrst og fremst á oddinum. Ég er ekki að vekja upp deilur heldur rökræðu, og jafnframt segi ég sem fyrr ýmsar fréttir frá listheiminum, — óviðkomandi öllu dægurþrasi.

— Læt ég þetta nægja sem inngang en tek fyrir stöðu íslenzkrar myndlistar í víðara samhengi í næsta pistli.

Höggmyndasýning

Myndlist

Valtýr Pétursson

ÁÐ Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á höggmyndum eftir ungan Borgfirðing, Pál Guðmundsson frá Húsafelli. Hann er hér á ferð með sína fyrstu sýningu þessarar tegundar, en áður hefur hann sýnt málverk og vatnslitamyndir. Þetta eru höggmyndir í orðsins fyllstu merkingu, því að Páll hefur notfært sér afar sérkennilegt og fallegt grjót, sem hann hefur í gili einu við Húsafell og var notað hér áður fyrr til legsteinagerðar af heimamönnum og Magnús heitinn Árnason komst einnig í kynni við þetta rauða og bláa grjót.

Páll Guðmundsson er ungur hæfileikamaður, sem hér kemur fram með nokkra nýjung í íslenzkri list. Það eru ekki margir meðal okkar í dag, sem leggja sig í það erfiði að höggva hugmyndir sínar í grjót og harðar steintegundir. Páll lætur sig ekki muna um að ná í efnivið sinn um kílómetra leið áður en hann getur komið því á bifreið. Ég nefni þetta atriði hér til að sýna hver eljumaður er hér á ferð og hver vinna liggur að baki þeirra verka, sem nú eru sýnt á austurgangi Kjarvalsstaða.

Megnið af þessum verkum er mannamyndir og nokkrar eru af dýrum. Páll heggur hrjúft í steininn og nær við það fullkomnu samspili efnis og fyrirmyndar. Hann gæðir efnið þeim plastísku tilfinningum, sem eru aðalsmerki höggmyndarinnar á öllum tímum. Samt er Páll mjög nútímalegur í þessum verkum og er meir í takt við tíma og rúm en margur annar. Hér er nokkuð sterkt til orða tekið þegar þess er gætt, að fyrsta sýning ungs manns á í hlut. En ég tel ekki ofsagt, því að þessi verk eru sannarlea mikill fengur fyrir samtíðina og lofa afar góðu um framtíð þessa unga manns. Það kæmi mér ekki á óvart, þótt listasöfnin í landinu litu þessi verk hýru auga og vonandi kann almenningur að meta þessa merkilegu frumraun Páls Guðmundssonar. Hann er manna ákafastur við listsköpun, hvort heldur um er að ræða málverk eða höggmynd.

Þetta er afar vönduð sýning hjá Páli og erfitt að gera upp á milli þessara verka. Páli hefur tekizt að láta upprunalegt form steinsins ráða um formspil verksins og nær samt fram því,



sem hann óskar eftir í það og það skiptið. Páll er afar einlægur í myndsköpun sinni og hæfileikar hans leyna sér hvergi. Þetta er með ánægjulegustu sýningum, sem haldnar hafa verið að undanförnu, en eins og allir muna, sem með fylgjast, er ekki langt síðan ágætur myndhöggvari kom fram, Helgi Gíslason, og Kristjana Samper er einnig með sýningu. Um hana verður fjallað á öðrum stað. Allar þessar sýningar eru eins og nýtt líf í íslenzkum skúlptúr, og vonandi er þetta aðeins byrjunin.

Forsætisráðherra:

„Alvarlegt ef öll fjölgunin fer í opinbera þjónustu“

Þurfum að efla þær greinar sem bera björg í bú

„EF ÞARNA er tekin með þenslan í bönkum og heilbrigðiskerfinu þá er ég ekki undrandi á þessu. Ég tel að þenslan í bönkunum hafi verið alltof mikil og að þar þurfi að leita meiri hagkvæmni, eins og verið er að gera. Heilbrigðiskerfið undrar mig ekki, því heilbrigðisþjónusta hefur aukist og kröfur til hennar hafa farið mjög vaxandi,“ sagði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra, er hann var spurður álits á frétt í Mbl. sl. þriðjudag um aukningu mannafla í opinberri þjónustu og bankakerfinu.

Þar kemur m.a. fram, að mannafli í opinberri stjórnsýslu og þjónustu hefur aukist um 232,2% á 20 ára tímabili og mannafli í bönkum um 217,2% á sama tíma og á sama tímabili hefur hann dregist saman í landbúnaðarstörfum um 34,4%.

Forsætisráðherra sagði ennfremur: „Við verjum núna líklega um eða yfir 10% af þjóðarframleiðslunni til heilbrigðismála og erum þó á eftir öðrum þjóðum, eins og Svíþjóð og Bandaríkjunum. Ég tel hins vegar að ekki hafi fjölgað í stjórnarráðinu nema mjög lítið. Það er auðvitað mjög alvarlegt ef öll fjölgunin fer í þetta, því við þurfum að efla þær greinar sem bera björg í bú.“

Steingrímur sagði að lokum: „Hins vegar er þetta alls staðar þróunin. Í Bandaríkjunum er því spáð að eftir tvo áratugi verði fjöldi þeirra sem vinna að svokölluðum framleiðslugreinum ekki orðinn nema helmingurinn af því sem nú er, og jafnvel minni, hitt fari í þjónustu. Ég held því að þetta sé ekki sérislenzkt fyrirbæri. Hins vegar eru ýmsar háþróaðar greinar á eftir. Þær þurfa að koma inn og það er verið að vinna að því.“

Auglýsingasíminn er 2 24 80